

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM

Atvinnuveganefnd Alþingis
Borgartúni 30
105 REYKJAVÍK

Reykjavík 8. maí 2015

1503041SA VRH
Málalykill: 173

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslur
húshitunarkostnaðar.**

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum (full niðurgreiðsla vegna flutnings og dreifingar).

Stjórn SSKS fagnar frumvarpinu og hvetur Alþingi til þess að samþykkja það sem fyrst, enda byggir frumvarpið á tillögum starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar, sem skilaði iðnaðarráðherra skýrslu í desember 2011.

Með frumvarpinu er verið að gera grundvallarbreytingu á „niðurgreiðslukerfinu þannig að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu. Kerfið verður þá sjálfvirkt þar sem öllum breytingum á verði á raforkudreifingu yrði mætt með sjálfvirkum hætti án þess að sérstök ákvörðun þurfi að liggja þar að baki.

Framangreindu er hér með komið á framfæri við háttvirta atvinnuveganefnd Alþingis.

Virðingarfyllt

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM



Valur Rafn Halldórsson
starfsmaður SSKS